

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

1. tbl. 3. árgangur

Mái 2007



Meðal efnis:



Bróðir Wolfgang bls. 18

Frá Minjasafni bls. 21

Stórhátíð bls. 17

Skotlandsferð Mímis bls. 11



Fagmennska í fasteignaviðskiptum
Sími 511-1555



FASTEIGNASALA
Brynjólfs Jónssonar



Síðumúla 21 (Selmúlamegin) • 105 Reykjavík • Sími 511 1555 • fbj@fbj.is • www.fbj.is

Frímúrarinn

Ritstjóri:

Steinar J. Lúðvíksson (X),
netfang: stjl@simnet.is

Ritstjórn:

Einar Einarsson
R&K YAR (ábm.),
netfang: einuna@simnet.is

Björn Kristmundsson (X)

Guðbrandur Magnússon
(IX), netfang:
gmagnus@yahoo.com

Steingrímur S. Ólafsson
(VIII), netfang:
denni@islandia.is

Auglýsingar:

Björn Kristmundsson (X)
Klapparhlíð 5,
270 Mosfellsbær
Sími: 553 3847/894 4353

Ljósmyndir:

Jón Bjarni Bjarnason, Jón
Þór Hannesson og fl.

Frímúrarinn:

Greinar sendist til frimur@centrum.is merktar
„Frímúrarinn“

Útgefandi:

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagata 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjórn áskilur sér rétt
til að ritstýra aðsendu
efni.

Prentun:

Prentmet Suðurlands,
Selfossi.

Efni greina í blaðinu eru
skoðanir höfunda og þurfa
ekki að vera í samræmi við
skoðanir Reglunnar.

Forsíðumynd:

Kvöldganga Mímis í Viðey
sl. sumar.

„Markmið Reglunnar
er að göfga og bæta
mannlífíð.

Reglan vill efla góðvild
og drengskap með
öllum mönnum
og auka bróðurþel
þeirra á meðal.“

Leitin að lífshamingjunni

*Stutt er dvöl í heimi hér
sjaldan markverð mannsins saga.
Margur alla sína daga
er að leita – að sjálfum sér.*

Í þessari gömlu vísu er lífsspeki. Sterkir þættir lífsins eru leit. Leit að lífshamingju, leit að því sem sé þess virði að verja líftíma sínum til. Í lífinu bjóðast okkur ýmsar leiðir og aðferðir til þess að komast að kjarna málsins um sjálft lífið.

Frímúrarareglan er möguleiki til þess. Hún skiptir okkur miklu máli, sem göngum inn um dyr hennar. Flestir eru tilbúnir að vitna um það að gangan þangað inn hafi verið mikið gæfuspor. Það er þó eins og með árangurinn annars staðar í lífinu, hann fer eftir ástunduninni og þeirri alúð sem lögð er við starfið og félagsskapinn.

Frímúrarareglan lýtur sömu lögmálum og allur annar veraldlegur félagsskapur. Enda þótt hver einstakur sé þar fyrir sjálfan sig þá myndast vinátta og bræðræpel með mönnum.

Vinátta er lífsgæði. Þú aflar þér vina með því sem þú ert og hugsar. Mikilvægur þáttur af lífinu er umgengni við fólk. Dagarnir og ævin líða við slík samskipti. Einn og sérhver gegnir þeirri ábyrgðarstöðu að vera manneskja í samfélagi við annað fólk, hrærast í því samfélagi, hlusta á fólk, mynda sér skoðanir, lýsa viðhorfum sínum og bregðast sjálfur við. Flest er gert og lifað í samfélagi við annað fólk. Þessa ábyrgð fáum við með lífinu - og um leið er hún tækifæri, hlutverk. Þú ert til og þú hefur áhrif á líf fólksins í kringum þig. Það skiptir marga aðra máli að þú lifir.

Grunnurinn sem okkar frímúrarakerfi er reistur á er mannrækt, að verða betri manneskja, heilli og vandaðri einstaklingur. Það segir sína sögu um innviði Frímúrarareglunnar að hún er aðeins opin þeim sem játa kristna trú. Svárið felst e.t.v. í kjarnaatriðum



kristinnar trúar. Og einnig í hvatningu Krists: „Leitið og þér munuð finna. Knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða.“

Ef þú leitar af alvöru, ef þú knýrð á og gefst ekki upp, þá finnurðu tilganginn. Sama gildir um hamingjuna. Leitaðu hennar og þú finnur hana. Um leið finnur þú ótal leiðir til að auka á hamingjuna umhverfis þig.

Það getur hins vegar verið að þér gangi betur að finna hamingjuna annars staðar, t.a.m. með því að stunda nám í heimspeki, guðfræði, sögu eða stærðfræði. Eða með því að sækja kirkju, stunda útivist og heilbriggt líf í fjölskyldu- og vinasamfélagi.

Frímúrarareglan er leið til lífshamingju ásamt þessu öllu og mörgu fleiru. Hún gerir ekki kröfu til að ráða lífi þínu, fjarri því. Með ástundun fræða hennar geturðu hins vegar bætt þig. Flestir finna sig í því og telja sig verða af iðkun fræðanna betri og heilli menn. Þau fræði eru fólgin í tilteknu kerfi til sjálfsskoðunar og íhugunar. Þú getur fundið það sem þú leitar að og þig hefur e.t.v. vantað. Þetta er möguleiki en samt engin trygging fyrir farsæld og hamingju. Innan frímúrarareglunnar sem annars staðar er hver sinnar gæfu smiður.

Hjálmar Jónsson

Velheppnuð systrakvöld



Það er mál manna að systrakvöld í ár hefðu verið einstaklega vel heppnuð. Þau voru yfirleitt ágætlega sótt og fólk skemmti sér vel. Meðfylgjandi mynd var tekin á systrakvöldi Fjölnis og Mímis. F.v. Guðrún Herdís Guðlaugsdóttir, Magðalena Sigríður Kristjánsdóttir, Kristján Sigmundsson, Hanna Kristín Guðmundsdóttir og Sveinn Grétar Jónsson.

Hamar og Njörður stofna orgelsjóð

Á AFMÆLISDEGI Hamars þann 1. nóvember 2006 var formlega stofnaður Orgelsjóður St. Jóh. stúknanna Hamars og Njarðar.

Hlutverk sjóðsins er að afla fjár til kaupa á pípuorgeli fyrir stúkusalinn í Frímúrarahúsinu að Ljósatröð 2 í Hafnarfirði, en sérhannað orgel fyrir stúkusalinn mun kosta u.þ.b. 8 milljónir króna með uppsetningu.

Stofnfé sjóðsins, rúmar 2 milljónir króna, er að mestum hluta framlag Hamarsbræðranna Eggerts Ísakssonar, Ellerts Eggertssonar og Eyjólf P. Haraldssonar. Sjóðsstjórn hefur hafið sölu á eftirprentun af myndverki eftir listmálarann Gunnlaug St. Gíslason. Myndverkið samanstendur af 3 vatnslitamyndum, sem verða seldar, saman í ramma, í 100 tölusettum eintökum, og kostar hvert eintak kr. 100.000. Einnig gefst bræðrum kostur á að greiða til sjóðsins með reglulegum greiðslum af greiðslukortum.

visomat®
visomat® comfort 2040

Nýr blóðþrýstingsmælir

- Sjálfvirk mæling blóðþrýstings og pulsa
- Mansettan hentar vel fyrir normal til XL upphandleggi (23 - 43 cm)
- Stór skjár (SYS/DIA/PUL)
- Mæling á meðan á dælingu stendur
- Geymsluminni fyrir allt að 30 nákurstöður – sýnir einnig meðaltal
- Þjá ára ábyrgð
- Rafhlöður fylgja
- Gæðavottaður



Leiðrétting

Í síðasta blaði slæddist inn meinleg villa þegar nafn br. Eiríks Harðarsonar var sett meðal bræðra sem h.h.t.a.e. Er hér með beðist velvirðingar á þessum mistökum.

Sr. Hreinn Hjartarson

IN MEMORIAM



Kynni okkar sr. Hreins hófust fyrir hálfri öld, meðan hann var enn í guðfræðideild. Ég fann þá þegar að það fylgdi þessum unga manni eitthvað mikið gott. Kynnin efdust er hann varð prestur og við störfuðum saman á synodus og við önnur tækifæri á vettvangi kirkjulegs starfs. Þau urðu enn hlýrri vegna sameiginlegra tengsla okkar við prestaskóla Lúthersku kirkjunnar í Pullach í Þýskalandi. Það var svo innan Frímúrara-reglunnar á Íslandi sem vinátta okkar varð að traustu bróðerni er gaf mér mikið og eins öllum þeim sem þar nutu starfa hans.

Það sem umfram allt einkenndi starf sr. Hreins meðal frímúrara var hógværð og lítillæti. Hinar fornu dyggðir um þagmælsku, varúð, hófsemi og miskunnsemi voru honum sem inngrónar. Ljúflyndi hans var öllum kunnugt, sem með honum unnu. Honum var trúað fyrir háum og þýðingarmiklum embættum innan Reglunnar, en hann vissi flestum betur að það hóf hann ekki yfir aðra. Hann þekkti orð Einars Benediktssonar:

*Embætti þitt geta allir séð,
en ert þú sem berð það maður?*

Sr. Hreini var það göfugust dyggð að mega efla mennsku sína og verða okkur hinum, með þeim hætti, æ sannari bróðir. Framkoma hans og viðmót var þannig að við Reglubræður hans getum allir tekið undir orð Sigurðar Guðmundssonar skólameistara:

*Þar sem mannkostirnir eru,
þar eru mannalætin óþörf.*

Andlegur styrkur sr. Hreins kom þó aldrei betur í ljós en í veikindum liðinna ára. Bjartsýni hans, djörfung og trú voru aðdánleg sem og sterkur stuðningur Sigrúnar, hans ágætu eiginkonu.

Þó að við, vinir hans og bræður, hörmum allir að honum skyldi ekki auðnast að njóta lengur ánægjulegra efri ára hljótum við að horfa til þess að lífinu lýkur ekki við gröf. Að baki föstudeginum langa

er páskadagur, sigurdagur frelsarans. Trúin á Krist gerði Hrein að þátttakanda í sigri hans.

Á þessum viðkvæmu tímamótum hlýt ég því að staðnæmast við frásögn Jóhannesar postula í 7. kapítula Opinberunarbókarinnar, er hann fær að líta þá sem safnast „frammi fyrir hásetinu og fyrir lambinu, skryddir hvítum skikkjum og höfðu pálmagreinar í höndum.“ Og við hann var sagt: „Þetta eru þeir, sem komnir eru úr þrengingunni miklu og hafa þvegið skikkjur sínar og hvítfágað þær í blóði lambsins. Þess vegna eru þeir frammi fyrir háseti Guðs og þjóna honum dag og nótt í musteri hans, og sá, sem í hásetinu situr, mun tjalda yfir þá. ...Því að lambið, sem er fyrir miðju hásetinu, mun vera hirðir þeirra og leiða þá til vatnslinda lífsins. Og Guð mun þerra hvert tár af augum þeirra.“

Megi trúin á þessi orð og staðreyndirnar að baki þeim gefa okkur öllum, fjölskyldu Hreins og vinum, huggun og styrk.

Dórir Stephensen

Það er jafnan mikið um dýrðir í Frímúrarahúsinu þegar haldin eru þar jólaböll fyrir yngstu kynslóðina. Samkomur þessar voru mjög fjölsóttar á starfsárinu og þóttu heppnast með afbrigðum vel. Oft er sagt að myndir segi meira en mörg orð og því bregðum við hér upp svipmyndum af samkomunum.



Þær stóllur Skoppa og Skríttla eru vinsælar hjá yngstu kynslóðinni enda sprellfjörugar og uppátektarsamar. En þótt þær séu skemmtilegar finnst þó sumum betra að hafa augun hjá sér og svipast um eftir pabba og mömmu, afa eða ömmu, í áhorfendaskaranum.



Börnin tóku virkan þátt í gleðilátunum hjá Skoppu og Skríttlu.

Fimm bræður sæmdir heiðursmerki Reglunnar

- fjölsótt og vel heppnuð Regluhátíð 13. janúar

Laugardaginn 13. janúar 2007 var haldin árleg Regluhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi í Regluheimilinu við Skúlagötu. Regluhátíðin var eins og undanfarin ár mjög vel sótt, en fundinn sátu að þessu sinni 350 bræður.

Dagskráin var með hefðbundnu sniði og rétt er að minna á að öllum bræðrum er heimil þátttaka í þessum hátíðarfundum. Á fundinum söng Frímúrarakórinn undir stjórn Jóns Kristins Cortes og Eiríkur Hreinn Helgason söng einsöng. Tónlist var flutt af þeim Jónasi Þóri Þórisssyni á orgel, Hjörleifi Valssyni og Jónasi Þóri Dagbjartssyni á fiðlu, Örnólfi Kristjánssyni á selló, Kristjáni Hermannssyni og Grími Sigurðssyni sem léku á trompet.

Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sigurður Örn Einarsson lagði í ávarpi sínu út frá 90. Davíðssálmi, 12. versni „kenn oss að telja daga vora að vér megum öðlast viturt hjarta“. SMR lagði áherslu á að fjölskyldan ætti að sitja í fyrirrúmi og lýsti ánægju sinni með að forseti og aðrir ráðamenn þjóðarinnar hefðu í áramótaávröppum sínum lagt út frá þessum gildum. Hann sagði ennfremur að miklu máli skipti að menn settu sér markmið, en markmiðin sjálf væru þó lítils virði ef ekki væri leitast við að ná þeim. SMR minnti bræður á að hafa í huga hefðbundnar dyggðir ásamt kristnum siðaboðskap og lýsti ánægju sinni með að stúkurnar hefðu í auknum mæli beint athyglinni að hag eldri bræðra.

St.Km. Úlfar Guðmundsson lagði í hugvekju sinni út frá leit vitringanna. Hann líkti lífinu m.a. við ferðlag í leit að Ljósi og Sannleika og á þeirri vegferð er m.a. mikilvægt að veita athygli kennileitum og táknmyndum náttúrunnar. Persónulegt innsæi þarf til að skynja og túlka það sem fyrir augu og eyru ber. Hver og einn hefur sinn skilning á málum og vinnur úr þeim á persónulegum grunni.

Auk bræðra í Frímúrarareglunni á Íslandi voru sérstaklega boðnir til hátíðarinnar fulltrúar erlendra Reglna. Frá Danmörku komu stórmeistari dönsku Frímúrarareglunnar, Hans Martin Jepsen auk IVR, Jens Lassen R&K, Jens Ole Korch R&K og Philip Boy Holse R&K. Frá Noregi komu stórmeistari norsku Frímúrarareglunnar, Ivar Anstein Skar ásamt YAR Karl Jens Holmen R&K. Frá Svíþjóð kom IVR og kanslari, Karl-Erik Ericsson R&K.

Á fundinum sæmdi SMR, Sigurður Örn Einarsson, Ivar Anstein Skar nafnbótinni Heiðursfélagi Frímúrarareglunnar á Íslandi og afhenti honum heiðurskjal þar að lútandi. Jafnframt veitti SMR eftirfarandi fimm bræðrum heiðursmerki Reglunnar fyrir langt og mikið starf í þágu hennar:

Herði Þórarinssyni í St. Jóh. st. Gimli

Bjarna Péturssyni í St. Jóh. st. Gimli

Bjarna Aðalsteinssyni í St. Jóh. st. Akri.

Sigurði Ingvarssyni í St. Jóh. st. Glitni

Bruno Hjaltsted í St. Jóh. st. Gimli

Þrír Stm., þeir Sverrir Kaaber í St. Jóh. st. Eddu, Ragnar Önundarson í St. Jóh. st. Gimli og Ólafur G. Karlsson í St. Jóh. st. Mími létu af störfum á árinu 2006 og í tilefni þessa afhenti SMR þeim starfsmerki Stm. á fundinum.

Eftir hátíðarfundinn var haldinn veislustúka og þar flutti HSM, Valur Valsson minni SMR. IVR, Þorsteinn Sv. Stefánsson ávarpaði erlenda gesti og Ivar Anstein Skar þakkaði fyrir hönd gesta. Eiríkur P. Sveinsson Stm. Stúartstúkunnar á Akureyri flutti minni Reglunnar.

Ivar Anstein Skar afhenti gjöf frá Frímúrarareglunni í Noregi sem er 250 ára afmælisrit hennar. Hans Martin Jepsen stórmeistari dönsku Frímúrarareglunnar, sem útnefndur var heiðursfélagi Frímúrarareglunnar á Íslandi í desember 2006 færði Reglunni að gjöf upprunalegu skildi St. Jóh. st. Eddu og St. Andr. St. Helgafells frá þeim tíma að þessar stúkur voru hluti Frímúrarareglunnar í Danmörku. Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sigurður Örn Einarsson þakkaði fyrir gjafirnar og afhenti Stm. stúknanna skildina til varðveislu, en þeir munu síðan fara á Minjasafn Reglunnar.

OPIÐ

virka daga 9.15-16.00
Digranesgata 2

HRADBANKAR SPM

- Hyrnan
- Hyrnutorg
- Digranesgata 2
- Viðskiptaháskólinn Bifröst



SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU - HORNSTEINN Í HÉRAÐI

Digranesgata 2 • 310 Borgarnes • Sími 430 7500 • Fax 430 7501 • spm@spm.is • www.spm.is

Remington

105
CTi




R

Veiðiland ehf.
Flugumýri 8 270 Mosfellsbæ
Sími: 588 5830
Gsm: 698 6263
www.veidiland.is
veidiland@veidiland.is



Veiðiland

Umboðsaðili Remington á Íslandi



Remington.
C O U N T R Y





Nýr stólmeistari St. Andr. st. Helgafells

Br. Steinn G. Ólafsson tók við embætti Stm. St. Andr. st. Helgafells þann 7. mars síðastliðinn. Steinn tók við af br. Ingolf Jóns Petersen sem gegndi embættinu í 6 ár.

Br. Steinn fæddist 27. október 1952. Hann ólst upp í Hveragerði og lauk gagnfræðaprófi frá Selfossi 1969, kennaraprófi 1973, meistaraprófi í húsmiði 1984 og sveinsprófi í múraraiðni árið 1989.

Steinn starfaði sem kennari við gagnfræðaskólann á Ísafirði á árunum 1973 til 1977, við Álftamýrarskóla í Reykjavík 1978 til 2004 og í Lágafellsskóla í

Mosfellsbæ frá 2004. Samhliða kennslunni hefur Steinn unnið við smíðar og múrverk auk þess að vera sumarstarfsmaður í Öndverðarnesi í Grímsnesi orlofsaðstöðu múrara og múrarameistara 1983 til 1988 og Kiðjabergi Grímsnesi orlofsaðstöðu Meistarafélags húsmiða 1991 til 1997 og vallarstjóri hjá golfklúbbum Kili í Mosfellsbæ frá 1998.

Br. Steinn gekk í St. Jóh. st. Njálu 1975. Hann hefur um árabil gegnt embættum í Helgafelli og var síðustu árin 1. Vm. þar til að hann var kjörinn Stm.



Nýr stólmeistari St. Andr. st. Huldar

Br. Úlfar tók við embætti Stm. St. Andr. st. Huldar 5. mars sl. Úlfar tók við af Br. Birgi Ágústssyni, sem gegndi embætti í 9 ár.

Br. Úlfar Hauksson er fæddur á Akureyri 6. júní 1952. Hann lauk námi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1977 og hóf þá störf hjá Akureyrarbæ við rekstur tölvukerfa og síðar hagræna áætlanagerð. Úlfar var fjármálastjóri hjá Ístess á Akureyri 1988-1990 og framkvæmdastjóri Kaffibrennslu Akureyrar hf, sem síðar varð Nýja Kaffibrennslan ehf 1990-2003. Úlfar er nú forstöðumaður fjármála- og rekstrasviðs Háskólans á Akureyri.

Br. Úlfar var stundakennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1978-

1996 og hann hefur átt sæti í skólanefnd MA frá 1994.

Br. Úlfar hefur verið virkur félagi í Rauða krossi Íslands frá árinu 1978 og var formaður Akureyrardeildar í nokkur ár. Hann tók sæti í stjórn Rauða kross Íslands 1994, var varaformaður 1996-2001 og formaður 2002-2006. Hann hefur einnig setið í nefndum á vegum Alþjóðasambands Rauðakrossins.

Br. Úlfar gekk í St. Jóh. st. Rún á Akureyri árið 1991. Hann var vara L. og vara Rm. í Rún um nokkurt skeið og vara E.Stv. í St. Andr. st. Huld áður en hann varð 3. Vm í Huld 2000-2001, 2. Vm 2001-2003 og 1. Vm 2003-2007.



Nýr stólmeistari St. Jóh. st. Fjölnis

Hinn 6. mars 2007 tók br. Guðmundur Kr. Tómasson við embætti Stm. í St. Jóh. st. Fjölni af br. Kristjáni S. Sigmundssyni sem gegnt hefur embættinu sl. 5 ár. Br. Guðmundur er fæddur 11. október 1954. Hann starfaði hjá Iðnþróunarsjóði á árunum 1980-1990 og var aðstoðarframkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs 1987-1990. Br. Guðmundur var búsettur í Finnlandi 1991-1998 og starfaði á þeim tíma sem svæðistjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsinki. Hann starfaði hjá Íslandsbanka 1998-

2005 m.a. sem framkvæmdastjóri þróunarviðs og fyrirtækjasviðs og sat í framkvæmdastjórn Íslandsbanka á árunum 2000-2004. Guðmundur hefur á undanförunum árum setið í stjórnnum nokkurra hlutafélaga, en hann starfar nú á fjármálasviði Seðlabanka Íslands.

Br. Guðmundur gekk í St. Jóh. st. Fjölni haustið 1990 og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir stúkuna. Hann var vara Rm. á árunum 1998-2000 og Rm. 2000-2001, annar Vm 2001-2002, fyrsti Vm frá 2002. Hann var jafnframt formaður bræðranefndar frá árinu 2002.



...allt gott!

SPVIF
SPARISJÓÐUR
VESTFIRÐINGA



Hjá Úlfari

Eru hvala vinir

Fyrirtækjasamningur
- borðliggjandi ákvörðun.



Bílaeiga Akureyrar er ein elsta og stærsta bílaeiga landsins með starfsemi á 13 stöðum um allt land. Bílaflotinn er bæði stór og fjölbreyttur enda ávallt lögð rík áhersla á gott úrval vel útbúinna bíla sem uppfylla ýtrustu kröfur viðskiptavina. Reiknaðu dæmið til enda og kynntu þér kosti fyrirtækjasamnings okkar, niðurstaðan kemur þér þægilega á óvart.

BÍLALEIGA AKUREYRAR
— Höldur —

National Car Rental

þínar þarfir - okkar þjónusta.

461-6000 · www.holdur.is

Íslenskt handverk
efnismiklir og vandaðir hringar
smíðaðir af Ívari Björnssyni,

*Lattu sjá þig
veð töskum vel á móti þér!*

Attundu gráðu hringur



Frímúrarahringurinn



hver hringur er númeraður og skráður

þjódum alla gull og silfursmíði,
sérsmíði, leturgröft
og viðgerðir.

Gull & Demantar
ÍVAR BJÖRNSSON
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI
skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 - fax 562 2282

Skotlandsferð Mímis



Mímisbræður ákváðu á síðasta ári að efna til ferðar til Skotlands og var stúkan Masjid I Suleman No 1324 í Edinborg heimsótt þann 14. október sem var bjartur og fagur laugardagur. Var fundur boðaður kl. 13.30 hjá stúkunni, sem hefur aðsetur í The Chapel of St. John, St John Street, Edinborg.

Þessi stúka var stofnuð af skozkum olíuleitarmönnum í Persíu um aldamótin 1900. Síðar hafði stúkan aðsetur í Aberdeen þegar olíu var leitað í Norðursjó, en fluttist loks til Edinborgar.

Þegar við komum í húsið tók á móti okkur ritari stúkunnar og sýndi okkur húsakynninn, sem voru fornleg og lítil um sig, enda kom í ljós þegar við höfðum sezt í fundarsalnum, að hvert sæti var skipað og vorum við bræður frá Íslandi þó sýnu fleiri en heimamenn.

Fundurinn stóð í rúma þrjá tíma með innsetningu 19

embættismanna þar sem hver og einn fékk langan yfirlestur. Það vakti athygli okkar að allt ritualið var utanbókar og tókst mönnum ótrúlega vel að fylgja því eftir, en einn bróðir var tilbúinn til að minna bræður á. Mest mæddi á hinum nýja „Right Worshipful Master“ Iain Morrison.

Það verður að viðurkennast, að misvel gekk okkur að skilja þá sem töluðu mest upp á skozku.

Eftir fundinn var haldið heim á hótél, systurnar sóttar og mætt á Thistle Hotel þar sem systrakvöld fór fram með tilheyrandi ræðuhöldum og góðri skemmtun.

Var það samdóma álit allra í hópnum, að þessi dagur hefði verið hinn ánægjulegasti og móttökur allar til fyrirmyndar.

Daginn eftir sunnudaginn 15. október var skipulögð ferð til Kilwinning sem talin er vagga frímúrara í Skotlandi og þar er

starfandi stúka, sem heitir The Mother Lodge of Scotland No 0.

Stórstúka Skotlands var stofnuð árið 1736. Árið 1744 var ákveðið að tölusetja allar stúkur í landinu og hlaut þá stúkan Mary Chapel í Edinborg töluna eitt. Þessari ákvörðun Stórstúkunnar var harðlega mótmælt af Kilwinning bræðrum, sem slitu öllu sambandi við Stórstúkuna og störfuðu sjálfstætt til ársins 1807, í 63 ár. Þá varð það samkomulag milli deiluaðila, að Killwinning stúkan yrði nefnd móðurstúka og bæri ekkert númer.

Lagt var af stað kl. rúmlega 10:00 og ekið í um eina og hálfu klst. suður fyrir Glasgow og komið til Kilwinning um hádegisbil.

Þar höfðu eiginkonur bræðra útbúið léttan hádegisverð fyrir okkur í Regluheimilinu og að honum loknum var stillt upp til



fundar þar sem Meistari stúkunnar fór yfir sögu hennar, hússins og kirkjunnar Kilwinning Abbey, sem er í næsta nágrenni og er að mestu rústir einar, en kirkjuturninn stendur.

Að loknum fundi var litast um í húsinu, minjasafn skoðað og síðan gengið út í rústirnar undir leiðsögn bræðra og að lokum fylgdu bræður okkur að

bifreiðunum þar sem við kvöddumst með kærleikum.

Mánudaginn 16. október var ferðinni svo heitið til Roslin þorpsins, sem er um 10 km. frá Edinborg til að skoða hina frægu Rosslyn kapellu.

Rosslyn kapellan hefur lengi verið kölluð „Gimsteinn Skotlands“, en saga hennar tvinnar saman sögu St. Clair ættarinnar, Reglu Frímúrara, Reglu Musterisriddara og sjálfstæðisbaráttu Skota allt frá dögum Krossfaranna.

Kapellan var byggð af Sir William St. Clair III, síðasta prins af Orkneyjum og hófst byggingin árið 1446. Rosslyn Chapel náði aldrei þeirri stærð, sem höfundurinn hafði ætlað sér og þegar Sir William dó árið 1484 var hann jarðsettur í ófullgerðri kapellunni. Rosslyn Chapel er ennþá í eigu St. Clair fjölskyldunnar og voru

vinnupallar umhverfis kapelluna í því skyni að setja stálþak á hana til þess að verjast skemmdum af völdum veðrunar.

Frægð Rosslyn Chapel óx að miklum mun við útgáfu bókar Dan Brown Da Vinci lykilsins og kvikmyndar, sem kom í kjölfarið.

Eftir skoðun Rosslyn Chapel var snæddur hádegisverður á Roslin Glen Hotel og síðan haldið heim á hótelið í Edinborg og var þar með lokið skipulagðri dag-skrá þessarar ferðar utan heimferðarinnar að morgni þriðjudagsins 17. október.

Þökk sé ferðanefndarmönnum Mímis þeim Ólafi Vigfússyni og Einari Sigurjóni Bjarnasyni.

*Ólafur G. Karlsson
Fv. Stm. Mímis*



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamngi Ríkiskaupa

nashuatec

Gæðatæki á verði sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu rekstrarkostnaðinn með nýrri vél frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

OPTIMA
Vinlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is

Siðareglur (Ritual), hver þarfnast þeirra?

„Hver þarfnast siðareglu?“ Stutt svar. „Allir“. Skýringin er aðeins lengri.

Siðareglur er náttúrulegur og ómissandi þáttur í að vera mannlegur.

Þegar öllu er á botninn hvolft, er það siðakerfi Frímúrarareglunnar sem lætur hana virka. Siðakerfið er farvegur fræða Reglunnar. Það er meira en það. Vegna þess hversu siðareglur eru Frímúrarareglunni svo mikilvægar, svarar það kostnaði að eyða smá tíma í að skoða eðli þeirra og hvers vegna þær eru svo miðlægar í upplifun okkar bræðranna.

Til að byrja með, allt mannkyn þarfnast siðareglu, og reyndar flest dýr. Það er svo mikill sannleikur í þessu, að jafnvel öll mannleg hugsun er með sjálfvirk og innbyggð viðbrögð við siðareglum. Mjög lítið af mannlegri hegðun er meðfætt, nánast allt er lært. Líffærafræðingar hafa staðsett viðbrögð við siðareglum í elsta og frumstæðasta hluta heilans, fyrir ofan svokallaðan heilastofn, á sama svæði sem stjórnar t.d. árvekni og geðshræringum. Siðareglur eru eins eðlilegar fyrir okkur eins og t.d. kærleikur, reiði eða hvaða tilfinning sem er.

Við erum allir og alltaf tengdir siðareglum, við tökum bara ekki eftir því. Flestir okkar hafa t.d. morgunvenjur. Sumir okkar raka sig fyrir sturtuna, en aðrir á eftir og sumir á meðan þeir eru í sturtu. Hvernig svo sem við framkvæmum þetta gerum við það yfirleitt í sömu röð. Sumir eru svo vanafastir að þeir klæða sig alltaf eins. Þessar morgunvenjur eru eins konar siðareglur.

Flestir okkar heilsast þegar þeir kynna sig. Þetta er siðaregla

alveg eins og þegar Austurlandabúar hneigja sig við kynningu. Að hneigja höfuð í bæn er siðaregla. Að byrja máltíð með súpu og enda með eftirrætti er siðaregla. Líf okkar er fullt af siðareglum frá vöggu til grafar.

Siðareglur skapa ramma til að skipuleggja.

Við höndlum illa ringulreið. Við gerum lista yfir það sem þarf að gera t.d. hvað þarf að kaupa, hvað þarf að lesa. Siðareglur gegna sama hlutverki. Með því að hafa reglu á hlutum (sem er kjarni siðareglu) sannfærum við okkur um að allt verði gert sem gera þarf. Aðal ástæðan fyrir því að við sköpum okkur morgunvenjur er til að sannfæra okkur um að við gleymum engu s.s. að raka okkur, bursta tennur eða annað til undirbúnings fyrir daginn. Siðareglur bjóða upp á andlegan tékklista fyrir hið daglega líf.

Siðareglur hjálpa okkur í samskiptum við aðra.

Nær allar fjölskyldur hafa fjölskyldu siðareglur, eitthvað sem gert meðalgjörlega ákveðnum hætti. Þessar reglur geta t.d. verið að fjölskyldan borði öll saman á ákveðnum dögum, að haft sé símasamband á ákveðnum tíma dagsins, hverjum á að gefa gjafir og við hvaða tækifæri. Það eru ótal möguleikar. Þessar siðareglur styrkja einingu fjölskyldunnar. Aðrar siðareglur tengjast þeim sem eru utan fjölskyldunnar. Takast í hendur þegar við hittumst, hlusta á hvort annað í samræðum eða nánast allt sem við flokkum sem kurteisi (persóna sem ekki fer að þessum siðareglum flokkum við sem ókurteisa). Þessar félagslegu siðareglur skapa vellíðan og gera aðstæður þægilegar.

Siðareglur eru öflugt kennslutæki.

Í raun var það trúlega allra fyrsta kennslutækið. Á meðal

sumra ættflokka voru siðareglur við veiðar kenndar ungum veiðimönnum, það gerði þá að góðum veiðimönnum. Minnistækni (frasar og þulur eins og t.d. ap, jún, sept, nóv. þrjátíu hver.....) eru siðareglur, eins ýmsar vísur og söngvar t.d. vísan og lagið um stafrófið.

Siðareglur styrkja sjálfsímynd okkar.

Það virðist nokkuð undarlegt, en fólk skilgreinir sig oft eftir starfi sínu (ég er sjómaður, verkamaður, læknir, professor o.s.frv.). Það er svo margt sem við gerum til að framfleyta okkur. Siðareglur okkar, starf okkar, veitir innri vitund fyrir því lífi sem við lifum. Okkur finnst við vera á réttri hillu í lífinu þegar við fylgjum ákveðnum siðareglum, en okkur finnst óþægilegt jafnvel óbærilegt þegar þessum reglum er ekki fylgt.

Siðareglur hjálpa okkur að undirbúast, „að komast í girinn“ fyrir hvaða athöfn sem vera skal.

Hvort sem um er að ræða kirkjulega athöfn eða fótboltaleik, flest undirbúningsvinna á sínar siðareglur sem hjálpar til, að fá rétta tilfinningu fyrir því sem koma skal. Okkur væri stórlega misboðið ef þessar reglur væru fótum troðnar – ef t.d. jarðarför hæfist með ærandi rokktonlist eða fótboltaleikur með sálmasöng.

Siðareglur hjálpa okkur að sjá „merg málsins“ strax.

Siðareglur benda okkur á aðalatriði máls. Frekar en að fara í fulla útlistun á málefni, eins og í löngum fyrirlestri, benda siðareglur á merg málsins en lætur okkur sjálfa eftir að fylla út smáatriðin.

Siðareglur Frímúrarareglunnar innihalda öll áður nefnd atrið og reyndar mikið meira.

Steindór Haraldsson

SVARTIR SENUÞJÓFAR FRÁ TUDOR

Nýjar gerðir rafgeyma með mun meiri
startkrafti en eldri gerðir.
Einn þeirra passar
örugglega
í þinn bíl.



TUDOR
fyrir framtíðina!

SKORRI

Sérfræðingar í rafgeymum

Bíldshöfða 12 • 110 Reykjavík
Sími: 577 1515 • www.skorri.is

Loftræstikerfi

•
Kerrusmíði

•
Ál og Stálsmíði

•
Öll almenn blikksmíðavinna

**BLIKKSMÍÐJAN
BORG ehf.**

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045
Framkvæmdastjóri: Sigurður B Hansen

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímánn Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Glæsileg afmælishátíð Fjölnis



Meðal þeirra sem tóku þátt í afmælishátíð Fjölnis voru allir þeir sem gegnt hafa stólmeistaraembætti í stúkunni. Hér eru þeir með Sigurði Erni Einarssyni Stórmeistara Reglunnar. Frá vinstri: Þorsteinn Sv. Stefánsson, Valur Valsson, Guðmundur Kr. Tómasson, Sigurður Örn Einarsson, Guðni Jónsson og Kristján Sigmundsson. Þessi mynd var tekin við innsetningu nýs Stm. Fjölnis: Guðmundar Kr. Tómassonar.

Þann 23. janúar 2007 fagnaði St. Jóh. st. Fjölnir 20 ára afmæli sínu en hún var stofnuð í Reykjavík 25. janúar 1987.

Stúkan hélt upp á afmælið með veglegum hátíðarfundum í hátíðarsal Reglunnar að viðstöddu fjölmenni og var hvert sæti skipað þegar fundurinn hófst.

SMR, Sigurður Örn Einarsson, heiðraði stúkuna með nærveru sinni og er óhætt að segja að hann og þeir bræður úr ædstu stjórn

Reglunnar sem fjölmenntu á fundinn hafi sett sterkan svip á hann.

Á fundinum færðu stofnendur stúkunnar henni veglegar gjafir; nýja fundarhamra fyrir Stm. og Stvv. Fjölnis og starfandi embættismenn gáfu stúkunni jafnframt nýtt hornmát og nýjan hringfara.

Það var hátíðarblær yfir öllum fundinum og setti það jafnframt skemmtilegan svip á fundinn að

hann sátu allir fyrrverandi Stm. Fjölnis, fjórir að tölu.

Undir lok fundarins tilkynnti þáverandi Stm. Fjölnis, Kristján Sigmundsson, að hann hefði ákveðið að láta af embætti eftir 5 ára starf og að kosinn yrði nýr Stm. á næsta fundi.

Fjölmörg ávörp voru flutt á fundinum sem þótti vel heppnaður í alla staði.

Vel heppnuð kirkjuferð Sindrabræðra



Frímúrarakórinn tekur lagið við undirleik Jónasar Þóris á samkomu í borðsal Sindra eftir kirkjuferðina


Það hefur verið góður siður í áratugi hjá Sindrabæðrum að fara í kirkju sameiginlega með fjölskyldum sínum. Að þessu sinni var farið í Ytri Njarðvíkurkirkju og það bar vel í veiði því Frímúrarakórinn kom í heimsókn, tók þátt í messunni og flutti nokkur vel valin lög fyrir kirkjugesti.

Sóknarpresturinn, Sr. Baldur Rafn Sigurðsson, messaði með aðstoð undirleikara Frímúrarakórsins Jónasar Þóris og svo Frímúrarakórsins undir stjórn Jóns Kristins Cortez. Ytri Njarðvíkurkirkja er sérstaklega vel hönnuð fyrir uppákomur af þessu tagi, sérstakt svið er við Altarið þar sem kór og aðrir

þátttakendur eru vel sjáanlegir kirkjugestum og allur flutningur nýtur sín sérstaklega vel. Góður hljómburður kirkjunnar kom skemmtilega fram þar sem kórinn naut sín vel, áhrifamikil innkoma Frímúrarakórsins í messuna setti glæsilegan blæ á alla athöfnina. Það fór ekki framhjá kirkjugestum að sameigileg einlægni og ánægja er ríkjandi hjá kórnum sem kom fram í glæsilega vel fluttum söng.

Eftir messu var farið í borðsal Sindrabræðra. Þar var kaffisamsæti til styrktar líknarsjóði Ytri Njarðvíkurkirkju, Frímúrarakórinn flutti nokkur vel valin lög við góðar undirtektir gesta.

Halldór Vilhjálmsson Stm



*Velkomin
í Lauga-ás*

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.



Sako og Tikka Riflar

**Byssuskápar frá
Remington og Novcan**



Veidiland

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími: 588 6830 - Fax: 588 5835
Vefsíða: www.veidiland.is

Stórhátíð 2007



Á Stórhátíðinni voru tveir nýir R&K vígðir, þeir Örn Bárður Jónsson t.v. og Hallgrímur Skaptason t.h. Milli þeirra er Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sigurður Örn Einarsson

Stórhátíð Reglunnar var haldin 22. mars 2007 og var vel sótt sem endranær. 164 bræður sátu fundinn sem stýrt var af SMR Reglunnar, Sigurði Erni Einarssyni.

Á fundinum voru tveir bræður vígðir til R&K. Sr. Örn Bárður Jónsson og Hallgrímur Skaptason hlutu þann heiður og tekur br. Örn Bárður við embætti SÆK og br. Hallgrímur er Stj. M. Stúartstúkunnar á Akureyri.

Á Stórhátíð voru tveir Yf.Km. skipaðir, en það eru br. Pálmi

Matthíasson og br. Hjálmar Jónsson.

IVR, Þorsteinn Sv. Stefánsson, flutti skýrslu um störf Reglunnar á liðnu starfsári og kom þar meðal annars fram að 35 br. hefðu h. t.au.ei. frá síðustu Stórhátíð. Þá var farið yfir fjárhagsstöðu Reglunnar sem er með ágætum.

Meðal annarra breytinga á Stórhátíð má nefna að br. Paul Bjarne Hansen var skipaður Skv. R., br. Anton Bjarnason og br. Guðjón Jónsson skipaðir FSMR, br. Skúli Jón Sigurðarson var

skipaður A.Skv. og br. Marteinn H. Friðriksson, br. Jón Ólafur Sigurðsson og br. Ólafur W. Finnsson voru skipaðir A.S.

Að lokum má nefna að við borðhaldið ávarpaði HSM, Valur Valsson, SMR og YAR Einar Einarsson ávarpaði nývígða R&K en br. Örn Bárður þakkaði fyrir þeirra hönd.

Bróðir Wolfgang

Á síðasta ári var þess minnst á margan hátt að 250 ár voru þá liðin frá fæðingu eins fremsta tónskálds allra tíma, Wolfgang Amadeus Mozarts. Sem kunnugt er var Mozart áhugasamur frímúrari og samði mörg tónverk er tengjast frímúrarastarfinu. Af tilefni ártíðarafmælisins fékk ritstjórn Frímúrarans br. Smára Ólason til þess að skrifa ritgerð um Mozart og frímúraratónlist hans, en br. Smári sem er S. í St. Jóh. Eddu hefur kynnt sér sérstaklega frímúraratónlist Mozarts og tengsl hans við regluna. Birtist hér fyrri hluti ritgerðar Smára, en seinni hluti hennar og tilvísunarskrá mun birtast í næsta tölublaði Frímúrarans.

Elsta heimild sem til er um frímúrarastarf er frá árinu 1376 þegar hugtakið „freemason“ kemur fyrir í Englandi, en þangað verður upphaf reglustarfsins rakið eins og það þekktist nú á dögum. ¹⁾ Hægt er að sýna fram á, að frímúrarastarf sem byggði á árbúsunda gömlum síðum hafi verið til og iðkað um hundruð ára en heimildir fyrir því eru fáar. Þekktur enskur fornsali getur þess í dagbók sinni, að hann hafi hlotið upptöku í frímúrarastúku 16. október 1646.

Í byrjun 18. aldar voru í London sjö stúkur. Fjórar þeirra stofnuðu saman stórstúku og kusu sér stórmeistara þann 24. júní 1717. Í kjölfarið fjölgaði nýjum frímúrarastúkum ört og voru þær stofnaðar víða bæði austan hafs og vestan.

Hinn forni grunnur sem reglustarfið byggir á er enn í hávegum hafður, en það er frjálslyndi, manngæska og frelsi andans. Því eiga frímúrarar að vera miskunnsamir og vinna gegn hatri og mannfyrirlitningu eins og kúgun. Þeir eiga að berjast gegn hindurvitnum og þröngsýni og sérhver frímúrari skal vinna að bróðurlegu jafnræði og leggja sitt lóð á vogaskálarnar til þess að stuðla að einingu allra manna.

Þann 28. apríl 1738 birti Clemens XII páfabréf sitt, In eminenti, þar sem hann amast við störfum frímúrarara. ²⁾

Þar segir m.a. í lauslegri þýðingu:

Oss hefur borist til eyrna að viss félög sem á alþýðumáli eru kölluð Liber muratori eða

frímúrarar hafi breiðst út og vaxi daglega. Í þessum félögum eru menn af ýmsum trúarbrögðum og þjóðfélagsstigum. Þeir eru tengdir saman sterkum böndum með eigin lögum og síðum og þeir vinna eið á Heilagri ritningu að halda órjúfanlegt þagnarheit um leyndardóma reglunnar og gangast við því að hljóta grimmilegar refsingar brjóti þeir það.

Páfi telur reglubræður ráðast á huga og sál góðra manna til að spilla þeim og líkir þeim við þjófa sem brjótast inn um nótt í heimili manna eða illvirkja sem skemmi vingarðinn. Hann sakar einnig frímúrarara um skynsemistrú, frjálslyndi og kreddufullar skoðanir og sem ástæðu andstöðu sinnar bætir hann svo við, einnig eftir öðrum réttmætum og skynsömum ástæðum sem Oss er kunnugt um, án þess að nokkuð sé farið nánar út í það hverjar þær gætu verið. Hann fordæmir þannig og bannfærir störf frímúrarara.

Í ársbyrjun 1739 var svo gefin út tilskipun í Róm þar sem sérhverjum manni, lærðum og leikum, var bannað að taka þátt í starfi frímúrarara að viðlagri dauðarefsingu og upptöku eigna. Að baki lá, að kirkja og aðall töldu hugmyndir manna um endurreisn mannúðarstefnunnar, jafnrétti og bræðralag of frjálslyndar og ógna valdastöðu þeirra.

Fleiri páfabréf voru gefin út gegn frímúrarareglum og það var ekki fyrr en með ákvæðum sem sett voru á Vatikanþingi árið 1965 og

við gerð á nýjum kirkjurétti kaþólsku kirkjunnar árið 1983, sem bannfæring á starfi frímúrarareglunnar var felld úr gildi en kaþólskum mönnum þó enn bannað að gerast þar félagar.

Frímúrarareglan í Austurríki

Árið 1726 var fyrsta frímúrarastúkan stofnuð í Austurrísku keisaradæminu. Það var í Prag, en fyrsta stúkan í Vínnarborg var stofnuð árið 1742. Þrátt fyrir að Austurríki væri rammkaþólskt land virðist sem María Theresía (1717-80) keisaradrottning hafi viljað takmarka áhrif páfa í ríki sínu og því leyft reglunni að starfa í friði, en með algjörrri leynd. Eiginmaður Maríu Theresíu, Franz Stephan von Lothringen (1708-65) hafði gengið í frímúrararegluna árið 1731 í Den Haag í Hollandi, fimm árum áður en hann gekk að eiga Maríu Theresíu og er hann dó var hann stólmeistari í sinni stúku. Telja má, að hann hafi einnig beitt sér fyrir því að bann páfa var ekki birt í Austurríki. Í upphafi starfsins í Vínnarborg kom þó til nokkurra árekstra. Þann 7. mars 1743 réðst lögreglan inn á upptökufund og hneppti alla viðstadda í fangelsi, en nokkrum dögum síðar fékk Franz Stephan þá lausa.

Hugsjónir og boðskapur reglunnar náðu fljótt til manna í Austurríki og svo fór að margir málsmetandi menn gerðust þar félagar, ekki síst meðan Franz Stephan lifði, en einnig eftir hans dag, þar sem sonur hans og arftaki, Joseph II (1741-90), bar jákvæðan hug til reglunnar. Hann var það

sem kallað hefur verið „menntaður einvaldur.“ Í bréfi til hertogans Ferdinand von Braunschweig (1721-92) kemur fram, að honum hafi verið boðið að gerast frímúrara-bróðir en hafnað því, þar sem hann teldi það vera gegn landslögum og einnig af tillitsemi við móður sína. Þegar María Theresía lést árið 1780 leyfði Jósef II frímúrarareglunni að starfa opinberlega og ári seinna fyrirskipaði hann, að enginn félagsskapur hvorki geistlegur né veraldlegur mætti heyra undir erlenda stjórn, þ.e. fyrir utan keisaradæmið, en austurrískar stúkur heyrðu þá undir stórstúku í Berlín. Þá voru 6 stúkur starfandi í Vínarborg með um 200 félag.

Næstu 5 árin var blómatími stúkustarfsins í Austurríki. Þann 22. apríl 1784 var stofnuð stórstúka í Vínarborg. Einu ári seinna heyrðu undir hana alls 59 stúkur þar af 17 í Austurríki en hinar í nágrannalöndunum.

Árið 1785 voru 8 stúkur í Vínarborg með um 1.000 félag. Vegna mikils þrýstings frá kaþólsku kirkjunni fyrirskipaði Jósef II þann 11. desember það sama ár, að þeim yrði fækkað í 3, og hver stúka mátti ekki hafa fleiri en 180 félag. Hann skipaði vin sinn sem æðsta stjórnanda reglunnar og stúkurnar urðu að leggja fram skrá yfir félag sína. Kosið var um hvern einasta félag í reglunni og þeim fækkað um nær helming.

Jósef II dó árið 1790 og bróðir hans Leopold II (1747-92) tók við. Hann hefur einnig verið kallaður „menntaður einvaldur.“ Hann var mjög hlyntur reglustarfinu en dó tveim árum eftir að hann tók við keisaradæminu. Þá tók við sonur hans, Franz II (1768-1835), en hann var andstæðingur allra leynifélaga og taldi að félög, sem stunduðu bræðralag og niðurbrot pólitískra múra ynnu gegn einveldinu á þessum tímum mikilla pólitískra hræringa í kjölfar frönsku byltingarinnar. Þann 2. desember 1793 hætti stúk-an *Zur gekrönten Hoffnung* störfum og bann var lagt á frímúrarastarf í öllu keisarar-dæminu 1795.



Þekktasta mynd sem til er af Wolfgang var gerð af soila hans, Joseph Lange (1751 - 1831) en hann var leikari og myndlistarmaður. Myndina gerði hann sennilega vorið 1789. Myndin, sem er ekki fullgerð, sýnir Wolfgang sitja við hljóðfæri, en vitað er að Konstönsu þótti þetta vera besta myndin sem til væri af honum.

Það er ekki fyrr en 1867 sem reglustarf hefst aftur í Austurríki. Á því voru þó takmarkanir sem ekki var aflétt fyrr en árið 1918, þ.e. eftir fyrri heimstyrjöldina. Við innrás nasista í Austurríki 1938 var starf frímúrarareglunnar bannað og sættu frímúrarar miklum ofsóknum. Eftir lok stríðsins árið 1945 voru aðeins 67 bræður enn lifandi og búsettir í Vínarborg af um 2.000 sem höfðu verið félagar er reglan var bönnuð.

Nýr félagi

Þann 5. desember 1784 var borinn upp til atkvæða 28 ára gamall maður í stúkunni *Zur Wohltätigkeit* sem var ein af minnstu stúkum Vínarborgar með um 50 félögum og rúmri viku síðar þann 14. desember kl. 18.30 hlaut hann upptöku. Með fullri vissu má segja, að þrátt fyrir að mjög margir málsmetandi og frægir menn hafi gerst félagar í frímúrarareglum sé þetta þekktasti félagi reglunnar. Veröldin þekkir hann þó fyrir allt annað en að hafa verið frímúrari, og reyndar vita

menn almennt mjög lítið um þann þátt sögu hans. Hann hafði verið skírður Johannes Chrystostomus Wolfgangus Theophilus. Á grísku þýðir þessi síðasti hluti nafns hans sá sem Guð elskar en hann breytti því seinna og kallaði sig ýmist Wolfgang Gottlieb upp á þýsku eða Wolfgang Amadé upp á ítölsku. Í gríni kallaði hann sig sjálfur stundum Amadeus, en það var ekki fyrr en á 19. öld sem þessi latneska mynd af nafninu festist í sessi. Best er hann þó þekktur undir ættarnafni sínu; Mozart.

Wolfgang hafði lengi verið í nánnum tengslum við menn úr frímúrarareglunni, m.a. samið tónverk fyrir regluna (K. 148, 1772). Gera má ráð fyrir því að það hafi ekki síst verið að undirlagi stólmeistara stúkunnar, Otto Heinrich von Gemmingen-Hornberg (1755-1836), að Wolfgang gekk í þessa stúku, en þeir voru góðir vinir frá árinu 1778 er þeir höfðu kynnst í borginni Mannheim í Þýskalandi. Þó svo að venjulegast þyrftu menn að vera 8 mánuði á hverri gráðu var hann þegar 7. janúar 1785, eða tæpum mánuði seinna, tekinn upp á 2. gráðu í stúkunni *Zur wahren Eintracht*, en stólmeistari þar var Ignaz Edler von Born (1742-91). Svo virðist sem „*Zur Wohltätigkeit*“ hafi bara tekið menn inn en þeir hafi fengið forfrömun í öðrum stúkum. Ekki eru til nákvæmar heimildir um það hvenær hann hefur gengið upp á meistarastig, en talið er að það hafi verið í byrjun apríl. Það er góður vitnisburður um tilfinningar Wolfgangs til reglunnar, að hans besti vinur, tónskáldið Joseph Haydn gekk inn í stúkuna „*Zur wahren Eintracht*“ þann 11. febrúar það sama ár - að hans áeggjan - og þann 6. apríl gekk faðir hans, Leopold Mozart (1719-87) þá á 65. aldursári í stúkuna „*Zur Wohltätigkeit*“. Með sérstakri undanþágu tók Leopold 2. gráðu þann 16. apríl í stúkunni „*Zur wahren*“ *Eintracht* og 3. gráðu þann 22. apríl, eða aðeins 6 dögum seinna, og var Wolfgang með honum á þeim fundum. Síðar var Leopold svo gerður að sérstökum



Pann 17. mars 2006 gaf austurríska pósthjónustan út frímerki með mynd af upptöku eins og menn ímynda sér að hún hafi verið í stúkunni Zur Gekrönten Hoffnung árið 1790. Á frímerkinu má m.a. sjá innsækjandann og stólmeistarann, sem þá var Nikolaus Esteházy greifi. Lengst til hægri á myndinni má sjá br. Wolfgang, en ekki er vitað hver situr við hlið hans. Höfundur myndarinnar er óþekktur.

heiðursfélaga stúkunnar „Zur Wohltätigkeit“. Við inngöngu Leopolds í regluna sameinuðust aftur faðir og sonur, en það hafði verið mjög stirt á milli þeirra eftir að Wolfgang hafði kvænst Konstonsu Weber (Maria Constanze Caecilia Josepha Johanna Aloisia 1762-1842) gegn vilja föður síns 4 árum áður. Þrem dögum seinna fór Leopold til Salzburgar og þeir feðgar hittust ekki aftur.

Vegna þess umróts og þeirra sameininga sem skóku störf reglunnar bar stúkan sem Wolfgang var félagi í þrem nöfnum; 1784-85 *Zur Wohltätigkeit*, 1785-88 *Zur neugekrönten Hoffnung* en hún varð til við sameiningu fjöggra stúkna og 1788-91 *Zur gekrönten Hoffnung*. Þess má geta, að þetta hefur reynst þeim sem skrifað hafa um Wolfgang oft mjög erfitt að koma heim og saman þar sem þeir hafa ekki þekkt til þeirra aðstæðna sem reglan bjó við, en ein af þeim stúkum sem sameinaðar voru undir nafninu *Zur neugekrönten Hoffnung* hét áður *Zur gekrönten Hoffnung*.

Wolfgang lét þetta ekkert á sig fá og starfaði ótrauður áfram allt til dauðadags, en það, að hann skyldi

vera einn af þeim sem fékk að halda áfram við niðurskurð á fjölda bræðranna sýnir að hann hefur starfað mjög ótullega.

Salzburg

Í raun var Wolfgang fyrsti Evrópumaðurinn og fyrsta poppstjarnan. Leopold ferðaðist fyrst með börnin sín tvö, Wolferl og Nannerl (Maria Anna Walburga Ignatia 1751-1829, frá 1784 von Berchtold zu Sonnenburg) víða um Evrópu og seinna með Wolfgang einan. Fyrsta ferðin var farin árið 1762 og áður en hann náði 25 ára aldri hafði hann verið á ferðalögum um 9 ár æfi sinnar. Vegalengd sem nú á dögum er farin á nokkrum klukkutímum tók marga daga í misþægilegum vögnum sem fóru 10 til 14 kílómetra á klukkustund. Í þessum ferðum fór Wolfgang um 10 lönd samkvæmt nútíma skiptingu landanna og heimsótti meir en 200 bæi og borgir. Hann hitti helstu tónlistarmennina á hverjum stað og það er enginn vafi á því, að það hefur haft mikil áhrif á þróun tónlistar hans.

Allar þessar ferðir voru farnar í von um auð, frægð og frama, en

það mistókst hrapalega. Í nær hverju bréfi sem til er frá Leopold til Önnu Maríu (1720-79) móður Wolfgangs eða á milli þeirra feðga kemur fram hvað hafi komið mikið inn eða hvar hægt sé að ná í einhver laun og seinna meir hvað og hvort Wolfgang gæti fengið einhverja góða stöðu. Árið 1772 sóttist Leopold eftir stöðu fyrir Wolfgang hjá erkihertoganum Franz í Mílanó, en í bréfi sem María Theresía keisaraynja móðir hans sendir honum kemur fram það álit hennar, að fólk sem ferðist um allan heim sem betlarar sé ekki prýði fyrir hirðina.

Wolfgang kom heim í janúar 1779 úr 9. og síðustu stóru ferð sinni um Evrópu sem tók 16 mánaði. Leopold fék ekki faraleyfi hjá vinnuveitenda sínum, Hieronymus Franz Josef greifa af Colloredo-Mannsfeld (1732-1812) erkibiskupi í Salzburg, svo hann sendi móður Wolfgangs með honum í þessa ferð. Að fyrirmælum Leopolds var lokatakmarkið París, en þar var ekkert að hafa í kjölfar þeirrar ringulreiðar sem þar ríkti, en annars vegar aðhylltust menn innlenda tónlist við óperuna og hins vegar ítalska, svo ekkert rými var fyrir Wolfgang í þessari togstreitu.

Wolfgang kom því heim með miklar skuldir á herðunum og án móður sinnar, sem hafði látist þar. Í reiði sinni og sorg úthúðaði Leopold syni sínum og kenndi honum um ófarimar og skipaði honum að koma aftur í þjónustu Colloredo erkibiskups til að greiða upp skuldirnar.

Wolfgang átti ekki auðvelt með að gerast auðmjúkur þjónn erkibiskupsins og sitja við sama borð og aðrir lágt settir þjónar hans. Á ferðalögum sínum hafði hann leikið listir sínar fyrir helstu fyrirmenn álfunnar og brugðið á leik með prinsum og prinsessum sem létu svo sem þau þekktu hann ekki er þau uxu úr grasi. Hann gerði sér alveg grein fyrir yfirburðum sínum og átti erfitt með að bukka sig og beygja fyrir þeim sem stóðu honum langt að baki að andlegu atgervi. Hann var sífellt á höttunum eftir viðurkenningu, frægð og peningum, en það lét á sér standa.

Frá Minjasafninu:

Langt að kominn dýrgripur



Við frímúrarar á Íslandi stöndum í mikilli þakkarskuld við þá bræður sem undan okkur hafa gengið. Okkar glæsilegu húsakynni, munir og minjar sem þau skreyta, sýna þann góða hug sem ótal bræður hafa borið til hennar í gegnum tíðina. Það hefur ekki verið lítið átak að byggja Regluheimilið í Reykjavík svo einhver dæmi séu nefnd. Stórhugur, framsýni og fórnfúst starf margra bræðra er kraftaverki líkast, og í dag njótum við bræðurnir þess svo sannarlega. Í Regluheimilinu í Reykjavík eru ótal munir sem láta lítið yfir sér í fljótu bragði en eiga engu að síður sína merkilegu og áhugaverðu sögu.

Þegar Regluheimilið var í byggingu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar gáfu margir bræður ýmsa muni til heimilisins. Á þeim tíma voru og eru enn

margir frímúrarar starfsmenn Eimskipafélagsins og þó að ekki sé á neinn hallað eru margir munir í heimilinu gjafir frá starfsmönnum Eimskipafélagsins.

Ég ætla að nefna hér einn hlut sem lætur lítið yfir sér en á sína skemmtilegu sögu.

Í stigaganginum sem liggur að skjaldarsalnum (Armiger salnum), hangir ljósakróna alsett frímúraratáknum. Upphaflega hefur þessi ljósakróna líklegast verið fyrir olíulampa eða kerti, seinna gasdrifin en á síðari tímum hefur henni verið breytt og gerð fyrir rafljós. Hún lætur lítið yfir sér en er í einfaldleika sínum ákaflega falleg og virðuleg.

Ljósakrónan var gjöf til Stórstúkunnar frá starfsmönnum sem störfuðu á skipum Eimskipafélagsins á árunum

1968 til 1972, eins og sjá má á litlu blaði sem fylgdi gjöfinni.



Eftirtaldir bræður stóðu að gjöfinni:

Matthías Matthíasson
Helgi Ívarsson
Friðbjófur Jóhannesson
Guðmundur Þórðarson
Ólafur Skúlason
Ellert Guðmundsson
Haukur Þórhallsson
Þórarinn I. Sigurðsson
Helgi Gíslason
Þorbjörn Sigurðsson
Anton Líndal
Gísli Guðmundsson
Bernodus Kristjánsson
Lúðvík Friðriksson
Jón Bogason

Starfsmenn á skipum Eimskipafélagsins höfðu verið í sambandi í mörg ár við danskan mann, Andersen bóksala, sem gjarnan heimsótti þá um borð til að selja bækur, þegar skip félagsins voru í Kaupmannhöfn.

Andersen hafði mikinn áhuga á Frímúrarareglunni þrátt fyrir að hann væri ekki í Reglunni, einnig hafði hann áhuga á gömlum frímúrararamunum og átti gott safn af fallegum Frímúrararglösum.

Andersen keypti umrædda ljósakrónu á uppboði í Kaupmannahöfn 1971 og býður Matthíasi Matthíassyni sem þá var stýrimaður á Tungufossi þennan grip til kaups. Matthías sló til og keypti af honum krónuna fyrir tvö þúsund danskar krónur sem á þeim tíma var töluvert fé. Matthías fékk síðan þá bræður sem voru starfandi á skipum Eimskipafélagsins til að vera með í kaupunum og gáfu þeir hana eins og fyrr sagði Stórstúkunni á Íslandi.

Þegar Matthías fékk ljósakrónuna, þá var hún öll í pörtum og til að koma henni saman aftur eins og hún er í dag hjá okkur, fékk Br. Helgi Ívarsson, sem var einn af gefendum,



föður sinn Br. Ívar Helgason rafvirkja til að yfirfara hana og lagfæra. Það hefur tekist afar vel og ljósakrónan sómir sér vel á sínum stað.

Þannig var að Danir réðu yfir vestur hluta Jómfrúareyja í Karabíska hafinu frá árinu 1671 en seldu þær Bandaríkjunum árið 1917. Á eyjunni St. Thomas, sem enn má sjá töluverð dönsk áhrif var frímúrarastúka starfandi sem heyrði undir stjórn dönsku Stórstúkunnar. Þessi stúka hét "St. Thomas til enighed" og var starfrækt þar frá 1798 til 1823. Svo virðist vera að þessi stúka hafi aldrei formlega verið slitið, því ekki finnast nein skjöl í skjalasafni dönsku frímúrarareglunnar sem að kveða á um það.

Þessi danska stúka var reyndar ekki mjög vinsæl af eyjafrímúrum m.a. vegna þess að hvorki þeldökkir, né gyðingar höfðu aðgang að stúkunni. Það varð til þess að ný stúka var stofnuð á St. Thomas sem laut stjórn ensku stórstúkunnar, og sú danska hætti alfarið að taka upp nýja meðlimi í kjölfar þess.

Þar með voru dagar hennar taldir.

Frá þessari dönsku stúku á St. Thomas kemur þessi ljósakróna til Íslands með viðkomu í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt þessu er þessi ljósakróna að minnsta kosti 200 ára gömul, og er þess vegna með elstu munum í eigu Reglunnar.

Bræður mínir næst þegar þið eigið leið upp stigaganginn í Regluheimilinu og þessa ljósakrónu ber fyrir augu hafið þá framangreindar upplýsingar í huga.



Innflutningur á sverðum

Til athugunar fyrir bræður sem hugsa sér að kaupa sverð erlendis.

Frímúrarabræður geta fengið undanþágu frá innflutningsbanni á sverðum.

Sækja þarf um hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, Borgartúni 7 á eyðublaði sem þar er til staðar. Tala við Hafdís eða Sigríði í Skotvopnadeild.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við Paul B Hansen í síma 896 4561 eða rafrænt á amen@veidiland.is

Réttu vélar í verkið!



 **NEW HOLLAND**

Eigum til afgreiðslu með skömmum fyrirvara úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum. Veldu vél sem hentar þínu verki!

KORTER-13



Höfum hafið sölu á Cramaro yfirbreiðslum fyrir malarflutningabíla.

- Sterkar yfirbreiðslur
- Aukið öryggi
- Hentar á allar gerðir vagna
- Gott verð

Rheno
brotfleygar



 STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími 4 123 000
www.sturlaugur.is



GARÐHÚSGÖGN

G A N
D I A
B L A
S C O

Garðhúsgögnin frá Gandia Blasco eru annáluð um allan heim fyrir einstaka hönnun. Þau eru konfekt fyrir augað og framlenging á stofunni út í garð. Garðhúsgögnin geta staðið úti allt árið og eru gerð úr áli og harðplasti. Framleidd í 6 litum. Eigum úrval af þeim á lager en einnig er hægt að sérpanta þau.



Reykjavík / Oslo